

Stefna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar

Nóvember 2024

1. Um stefnuna

Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar leitast Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands (hér eftir einnig nefndur lífeyrissjóðurinn eða LTFÍ) við að stuðla að heilbrigðara atvinnulífi og bættum samskiptum við hagsmunaaðila. Með stefnunni lýsir sjóðurinn skýrum vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, jákvæð samfélagsáhrif og góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvarðanir. Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á ábyrgar fjárfestingar, þ.m.t. að fjármunir sjóðfélaga nýtist til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag, og takmarki eins og kostur er neikvæð áhrif af fjárfestingum. Stefnan tekur mið af reglum og öðrum stefnum lífeyrissjóðsins, svo sem fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu, starfs- og siðareglum og stjórnarháttayfirlýsingu.

Tilgangur stefnunnar er að búa til skilvirka og trúverðuga nálgun á álitafnum er snúa að sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum. Í stefnunni er lögð áhersla á virka upplýsingagjöf um fjárhagsleg jafnt sem ófjárhagsleg málefni. Slík upplýsingagjöf styður við rekstur sjóðsins og greiningu og mat á mismunandi fjárfestingakostum. Umhverfismál, félagsmál og stjórnarhættir eru lykilþættir í mati lífeyrissjóðsins á fjárfestingum. Það er mat lífeyrissjóðsins að fyrirtæki sem taka sérstakt tillit til þessara þátta í starfsemi sinni njóti ávinnings til lengri tíma litið.

Stefnu LTFÍ um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er ætlað að skilgreina ramma sem gerir lífeyrissjóðnum kleift að samþætta sjálfbærni í fjárfestingaákvörðanir og beina fjárfestingum sínum í auknum mæli til sjóða, félaga og verkefna sem styðja við markmiðin í þessari stefnu. Það er mat lífeyrissjóðsins að áhersla á ábyrgar fjárfestingar og samþættingu umhverfismála, félagsmála og stjórnarháttanna við rekstur sjóðsins og mat á fjárfestingakostum leiði til betri ákvörðunartöku og dragi úr fjárhagslegri áhættu fyrir lífeyrissjóðinn.

Sjálfbærni

Með sjálfbærni er almennt átt við að komandi kynslóðir ættu ekki að vera verr settar en núverandi kynslóðir. Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. LTFÍ leggur áherslu á að sjónarmið um sjálfbærni endurspeglar í rekstri sjóðsins og ákvörðunum stjórnenda, en jafnframt að sjálfbærni liggja til grundvallar í fjárfestingarákvörðunum sjóðsins og þeirra sem falið er að ávaxta fjármuni hans.

Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar fela í sér að fjárfestir skuldbindi sig til að stuðla að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála, félagsmála og stjórnarháttanna. Með ábyrgum fjárfestingum er ávallt leitast við að lágmarka neikvæð áhrif og ýta undir jákvæð áhrif fjárfestingarinnar á umhverfi, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila. Við ábyrgar fjárfestingar innleiðir fjárfestir áhættumat þar sem umhverfisþættir, félagslega þættir og stjórnarhætti fyrirtækja eru metnir þegar hugað er að fjárfestingum í þeim.

2. Aðferðarfræði

Starfshættir lífeyrissjóðsins varðandi sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar byggja á eftirfarandi aðferðarfræði:

2.1. Virkar samræður

LTFÍ vinnur með öðrum fjárfestum og hagsmunaaðilum að því að auka vitund á sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum á Íslandi. Hjá lífeyrissjóðnum er lögð áhersla á að vinna með fyrirtækjum að skilgreindum forgangsmálum sem eru viðeigandi fyrir starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Tilgangurinn er að vera þátttakandi í að byggja upp vel rekin fyrirtæki, sem starfa í góðri sátt við umhverfi sitt og samfélag og leitast við að hafa jákvæð áhrif, um leið og þau skila fjárfestum ávöxtun.

2.2. Greiningar og fjárfestingaákvæðanir

Í fjárfestingum lífeyrissjóðsins eru sjálfbærni, umhverfismál, félagsmál og stjórnarhættir samþætt í greiningar á fyrirtækjum með það að markmiði að fá heildstæða mynd af starfsemi fyrirtækisins þannig að hægt sé að greina betur þau tækifæri og þá áhættu sem felst í fjárfestingunni. Mat á sjálfbærniáhættu skal fylgja sömu meginreglum og mat á fjárhagslegri áhættu. Mat á áhættu og tækifærum getur verið mismunandi eftir atvinnugreinum og eignaflokkum.

2.3. Neikvæð skimun

Það er ekki ætlun lífeyrissjóðsins að beita neikvæðri skimun sem felur í sér að útiloka fyrirtæki úr fjárfestingarmengi hans. Sjóðurinn áskilur sér þó rétt til að útiloka fyrirtæki úr fjárfestingamengi sínu. Neikvæðri skimun verður beitt í þeim tilvikum þegar aðrar leiðir hafa ekki reynst færar til að ná markmiðum sjóðsins.

2.4. Ytri aðstæður

Efnahagsumhverfi á Íslandi er ýmsum takmörkunum háð og hefur það áhrif á rekstrar- og fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðsins. Framkvæmd stefnunnar þarf að taka mið af fjárfestingarmöguleikum íslenskra fjárfesta hverju sinni.

Aðstæður á Íslandi sem geta haft áhrif á framkvæmd stefnunnar:

- Fjárfestingarmöguleikar í skráðum hlutabréfum eru takmarkaðir á Íslandi.
- Takmarkað úrval af skuldabréfum öðrum en útgefnum af ríkinu eða með ábyrgð ríkisins.
- Vaxandi framboð af framtakssjóðum.
- Fáir þátttakendur á markaði.

3. Viðmið

Stefna LTFÍ um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar er sett með hliðsjón af reglum um ábyrgar fjárfestingar, *Principles for Responsible Investment*, (UN PRI) og með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

UN PRI eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna.¹

¹ Sjá nánar <https://www.unpri.org/>

Meginreglur PRI eru:

- Að taka tillit til umhverfisþátta, félagsmála og stjórnarháttanna við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvörðunartöku.
- Að vera virkur eigandi sem tekur tillit til umhverfisþátta, félagsmála og stjórnarháttanna bæði í eigendastefnum og í verki.
- Að kalla eftir viðeigandi upplýsingagjöf um umhverfisþætti, félagsmál og stjórnarhætti frá aðilum sem fjárfest er í.
- Að beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu þessara meginreglna í fjárfestingarstarfsemi.
- Að vinna saman að því að efla árangur við innleiðingu meginreglnanna.

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Stefna Lífeyrissjóðsins tekur jafnframt mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015 og gilda til ársins 2030. Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Heimsmarkmiðin eru leiðarljós þeirra sem vilja stuðla að sjálfbærni í heiminum á næstu árum.

4. Birting og endurskoðun

Stefna þessi er birt á heimasíðu Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Stjórn Lífeyrissjóðsins samþykkir stefnuna og fylgist með að henni sé framfylgt. Stjórn sjóðsins endurskoðar stefnuna eftir því sem tilefni er til.

Stefna þessi var samþykkt af stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands þann 27. nóvember 2024.